


Ingólfur
Arnarsson

03.11.2018–
10.02.2019

Jarðhæð Ground Level



Jarðhæð

List Ingólfss Arnarssonar er full léttleika. Hún er einföld og tómið er ráðandi – eða þegar betur er að gáð fela verkin í sér þyngd, þéttleika og ráðast á rýmið af miskunnarleysi raddir sem varla heyrst en sker þó umhverfið og kallar á athygli með því að espá skynfærin. Við sjáum en sjáum þó ekki, finnum en finnum þó ekki, skynjum en skynjum þó ekki. Verkin eru teikningar og málverk sem bera með sér þá merkingu eina að vera teikningar og málverk sem við stöndum frammi fyrir í einfaldleika sínum en skynjum í margbreytileika sínum.

Á sýningunni eru veggverk úr steinsteypu og teikningar aust eitt þúsund ljósmynda sem varpað er á vegg sýningarsalarins. Verkin eru öll unnin á árum 2014 til 2018 og ber innsetningin titillinn *Jarðhæð*. Titillinn vísar til sýningarsalarins í Hafnarhúsi, bókstaflega til staðar og rýmis.

Verkin kallast á við sterkan og ákveðinn efnivið salarins. Grót steinsteypa Hafnarhúss er yfirunnin af birtu og léttleika veggverkanna, sem eru málverk unnin úr vatnslit á grunnaða steinsteypu. Málverkin eru tólf talsins og fást hvert og eitt og í heild sinni við togstreitu litu og skugga, lita sem eru varla sjánlegir en áhorfandinn skynjar í samhengi rýmisins og innbyrðis samhengi verkanna. Málverkunum er komið fyrir með þeim hætti að þau undirstrika formfestu salarins en pappírsteikningarnar flæða um salinn á rytmískan hátt þannig að *Jarðhæð* verður ein heildarupplifun teikningar, litar og rýmis. Verkin lifa tvöföldu lífi. Úr fjarska virðast þau nánast ósýnilegar einingar, nákvæmlega staðsett litbrigði sem ekki eru einangruð fyrirbæri heldur hluti úthugaðar heildar. Ljósmyndirnar eitt þúsund birtast hver á aftir annarri á vegg sýningarsalarins. Sjónarhorn þeirra endurspeglar óvenjulega sýn á hversdagslega hluti og þannig verða þær nokkurs konar dagbókarfærslur: Myndræn dagbók byggð á skynjun.

Innsetningin *Jarðhæð* einkennist af jafnvægi sem fæst með inngrípi í rýmið, litlu en nákvæmu. Þegar nær er komið sýnir hver og ein eining marglagu lífræna teikningu óhlutbundinna tóna eða skugga. Nákvæmt handbragð, finleg vinna og nánast þráhyggjukennnd endurtekning sýna tímann sem varið er í verkið. Tíminn verður þannig hluti verksins um leið og hann ber vitni um afstöðu listamannsins til viðfangsefnisins.

Auk þess að vinna teikningar á pappír hefur Ingólfur notað teikningu og vatnslit sem hluta

af innsetningum og – eins og hér – unnið verk úr steinsteypu. Jafnframt hefur hann teiknað og málæd beint á veggi eða á loft í sýningarsalnum. Ingólfur miðar sýningar sínar við hvert rými fyrir sig og hafa sparleg en nákvæmlega úthugsuð verk hans verið kennd við mínumálismi, þarna verður aftur til tvöfalt líf á mörkum mínumálisma og hugmyndalistar, sem einnig á ríkan þátt í listsköpun Ingólfss. Mínumálismi leitast við að tæma verkin af öllum vísunum út fyrir eigin form og efni, en hugmyndalistin byggist á því að hlutgera hugmynd sem á sér uppruna annars staðar en í listaverkinu sjálfu. Í verkum Ingólfss á sér stað áhugaverð glíma við hugmyndina um myndlistarverkið sjálf.

Ingólfur Arnarsson (f. 1956) lauk námi við Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1979 og hélt þá til framhaldsnáms við Jan van Eyck-listaháskólann í Hollandi. Allt frá því hann lauk þar námi árið 1981 hefur Ingólfur verið áhrifamikill í íslensku listalífí og á tæplega 40 ára ferli hafa verk hans verið sýnd bæði heima og erlendis. Meðal annars voru haldnar einkasýningar á verkum hans á Kjarvalsstöðum árið 1996, í Safni árið 2005 og Hafnarborg 2013 aust regulegra sýninga Í Nýlistasafnini og í i8 gallerí. Erlendis hefur Ingólfur meðal annars átt verk á sýningum í Center for Contemporary Non-Objective Art í Brussel árið 1999, Drawing Center í New York árið 2007 og í hinni virtu listamiðstöð Chinati Foundation sem starfrækt er í bænum Marfa í Texas, Bandaríkjum. Eftir heimsókn á Íslandi bauð stofnandi listamiðstöðvarinnar, myndlistarmaðurinn Donald Judd, Ingólfss að dveljast í Marfa sem gestalistamaður. Í lok dvalar Ingólfss þar voru verk eftir hann sett upp í miðstöðinni og hafa þau síðan 1992 verið órjúfanlegur hluti af fastasýningu Chinati Foundation ásamt verkum leiðandi listamanna samtímans. Frá upphafi myndlistarferils síns hefur Ingólfur skipulagt sýningar á verkum íslenskra og erlendra listamanna heima og erlendis. Hann var jafnframt einn af stofnendum Gallerí Suðurgötu 7, sem var tilraunakenndur sýningarstaður í Reykjavík seitn áttunda áratugnum, og meðstjórnandi sýningarsalarins Önnur hæð sem starfræktur var í Reykjavík um miðjan tíunda áratuginn. Meðfram störfum að eigin myndlist hefur Ingólfur sinnt myndlistarkennslu. Hann var deildarstjóri fjöltækniðeldar Myndlista- og handíðaskólans 1983–1993 og prófessor við Listaháskóla Íslands 2000–2007.

Ground Level

The art of Ingólfur Arnarsson is full of lightness, it is simple and the void is dominant – but closer inspection reveals that the works hold gravity, density, and attack the space with the ruthlessness of a voice that is almost undiscernible and yet cuts through the surroundings, calling for attention by stimulating the senses. We see and yet don't see, feel yet don't feel, sense yet don't sense. The works are drawings and paintings that carry the sole significance of being drawings and paintings that we are confronted by in their simplicity while we sense their complexity.

In this exhibition there are murals of concrete and drawings, in addition to one thousand photographs that are projected onto the wall of the exhibition hall. The works all date to 2014–2018 and the whole installation is titled *Ground Level*. The title refers to the location of the exhibition hall in Hafnarhús, quite literally to the place and space.

The works interact with the strong and distinctive material of the exhibition space. The rough concrete of Hafnarhús is overcome by the light and lightness of the murals, which are paintings made with water colours straight onto the primed concrete. There are twelve paintings and they, in conjunction with each other and individually deal with the conflict between colours and shadow, colours that are barely visible but that you sense in context of the space and the interaction of the works. The paintings are arranged in such a way that they underline the geometrical structure of the exhibition space, while the drawings on paper flow around the room in a rhythmic way so the *Ground Level* becomes an unbroken experience of drawing, colour, and space. The works live a double life. From afar they seem almost indiscernible units, precisely positioned hues of colour that are not isolated phenomena but parts of a calculated installation. The one thousand photographs appear one after the other on a wall in the exhibition space. Their perspective mirrors an unusual view of mundane things and thus like some sort of diary entries by the artist. A visual diary based on sensing.

The installation *Ground Level* is characterized by a balance that is achieved with a little, yet very precise, intervention in the space. At a closer look each and every entity displays a multilayered, organic drawing of abstract hues or shadows. The precise workmanship, delicate rendering, and almost obsessive repetition reveal how much time has been spent on each work. Thus, time

becomes a part of the work while also bearing witness to the artist's stance towards his task.

In addition to rendering drawings on paper, Ingólfur Arnarsson has used drawing and water colour in installations and, as he has done here, worked in concrete among other things. He has also drawn and painted directly onto walls or ceilings of the exhibition spaces. Exhibitions of Ingólfur Arnarsson's work are specifically tailored to each exhibition space, and his precise, economical works have been associated with minimalism. This is where we again see that double life bordering on minimalism and conceptual art that plays such a pivotal role in his art. While minimalism seeks to strip the work of all external references to its own form and content, conceptual art seeks to objectify and idea that originates outside of the artwork itself. Ingólfur Arnarsson's work displays an interesting struggle of the artist with the notion of the artwork itself.

Ingólfur Arnarsson (b. 1956) earned a degree from the Icelandic College of Art and Crafts in 1979 and went on to graduate study at the Jan van Eyck Academie in the Netherlands 1979 to 1981. His career spans almost 40 years and his work has been exhibited widely both in Iceland and internationally. He has held solo exhibitions at Reykjavík Art Museum – Kjarvalsstaðir (1996), at Safn (2005), and in Hafnarborg (2013), and has regularly shown his work at the Living Art Museum and Galley i8 in Reykjavík. His international exhibitions are numerous, such as at the Centre for Contemporary Non-Objective Art in Brussels (1999), at the Drawing Center in New York (2007), and at the renowned Chinati Foundation in Marfa, Texas. Following a visit to Iceland, Donald Judd, Chinati's founder, offered Ingólfur Arnarsson a residency at Chinati; Arnarsson's installation has been a part of the permanent installation there since 1992. From the outset of his career Arnarsson has played an active role in Iceland and abroad in mounting exhibitions of work by Icelandic and foreign artists. He was among the founders of Gallerí Suðurgata 7, an experimental space of the late 1970s, and was co-director of Second Floor (Önnur hæð), a Reykjavík exhibition space open during the 1980s. Alongside his artistic production, Ingólfur Arnarsson has taught art, serving as Chair of the Multimedia Department of the Icelandic College of Art and Crafts from 1983 to 1993 and was a professor at the Iceland Academy of the Arts from 2000 to 2007.

Ingólfur Arnarsson

Jarðhæð

Ground Level

03.11.2018–10.02.2019

Sýningarstjóri

Curator

Ólöf Kristín Sigurðardóttir

Leiðsögn listamanns

Sunnudag 11. nóvember kl. 15.00

Artist Talk

Sunday, 11 November at 15h00

Fylgist með dagskrá á heimasíðu safnsins

Hægt er að bóka leiðsögn fyrir hópa á síðunni

listasafnreykjavikur.is

Follow the programme on the museum website

Groups can book guided tours online

artmuseum.is

Viðburðir eru á íslensku nema

annað sé tekið fram

Programme events take place

in Icelandic unless otherwise noted

Hafnarhús

Tryggvagata 17

Reykjavík

+354 411 6400

Opið daglega

Frá 10.00 til 17.00

Fimmtudaga

Frá 10.00 til 22.00

Open daily

10h00–17h00

Thursdays

10h00–22h00

© 2018 Listasafn Reykjavíkur

#listasafnreykjavikur

#reykjavíkartmuseum

Íslensk
listamannasafn
Fund

